

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands Læknagarður



Dags eftirlits	4.11.2015	Fulltrúi UST	Hrönn G. Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Háskóli Íslands	Fulltrúi UST	
Heimili	Vatnsmýrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Steingrímsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigríður Klara Böðvarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni en eftirlitsmaður gerði athugasemd við að skráningu úrgangs skv. gr. 2.1 í starfsleyfi væri ábótavant og benti einnig á að skráning yfir þjálfun starfsmanna mætti vera ítarlegri. Rekstraraðili brást skjótt við athugasemdinni og innleiddi nýja vinnuferla við skráningu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsferðin hófst á skoðunarferð um rannsóknarými Lífvisindaseturs Læknagarði með þeim starfsmönnum sem ábyrgir eru fyrir starfsemi með erfðabreyttar örverur. Eiríkur Steingrímsson og Sigríður Klara Böðvarsdóttir fylgdu eftirlitsmanni í skoðunarferðinni en einnig var rætt við aðra ábyrgðarmenn rannsóknavinnunnar.

Starfsleyfið nær annars vegar yfir starfsemi með erfðabreyttar örverur af flokki I með plasmíð og klónuð gen í *E. coli* og gersveppum, sem staðsett er á 5. hæð Læknagarðs, og hins vegar starfsemi með erfðabreyttar örverur af flokki II, þ.e. erfðabreyttar frumur, en sú vinna fer fram í einu herbergi á 4. hæð Læknagarðs. Lítið er unnið með frumurnar af flokki II. Guðrún Valdimarsdóttir er ábyrg fyrir þeirri rannsókn. Aðeins sérþjálfað starfsfólk sinnir þeirri vinnu.

Skoðunarferðin hófst á því að farið var á staðinn þar sem unnið er með frumurnar af flokki II, sem er eitt herbergi inn af öðru rannsóknarými. Herbergið er læst með lykli og aðeins ábyrgðarmenn verkefnisins hafa lykil. Á hurðinni er skilti sem varar við hættu af líffræðilegum toga og greinargóðar upplýsingar um rannsóknavinnuna og ábyrgðarmenn. Almennar verklagsreglur hanga einnig á skápshurð í herberginu. Starfsemin var ekki í gangi þegar eftirlitið fór fram. Rannsóknarýmið uppfyllti skilyrði skv. gr. 2.3 í starfsleyfi um afmörkunarráðstafanir. Gufusæfirinn er í öðru herbergi á ganginum spottakorn frá. Allur úrgangur er sóttthreinsaður og honum fargað skv. skilyrðum í starfsleyfi.

Á 5. hæðinni fara fram rannsóknir með *E. coli* og gersveppi. Stofurnar eru vel merktar að utan líkt og á neðri hæðinni og sams konar upplýsingar um rannsóknavinnuna og ábyrgðarmenn. Þetta á raunar við öll rými þar sem einhver starfsemi tengd erfðabreyttum örverum fer fram. Rannsóknastofurnar uppfylltu afmörkunarskilyrði skv. gr. 2.3 í starfsleyfi, þ.e. þau sem eiga við um lífverur af flokki I.

Um öll rannsóknarýmin á við að meðferð búnaðar, áhalda, hlífðarfatnaðs og úrgangs er í réttum farvegi skv. starfsleyfi. Allur úrgangur sem skal sóttthreinsa er settur í gufusæfi og honum svo fargað skv. reglum Háskóla Íslands/Landspítala og ákvæðum í starfsleyfi. Úrgangur er sóttur einu sinni í viku. Þvottaaðstaða fyrir starfsfólk er aðgengileg í húsnæðinu og öryggissturtur á göngunum.

Eftir skoðunarferðina héldu eftirlitsmaður og tveir fulltrúar starfsleyfishafa fund þar sem farið var yfir önnur atriði starfsleyfisins, m.a. skráningar rekstraraðila og öryggisráðstafanir. Fram kom að til er vinnudagbók skv. gr. 3.2 í starfsleyfi en hún er ekki mikið nýtt. Nýting á aðstöðu og tækjabúnaður hafa ekki breyst frá því starfsleyfi var gefið út og hafa hvorki orðið bilanir né óhöpp í starfstöðinni. Öryggisblöð liggja ekki frammi en eru aðgengileg í gegnum heimasíðu Háskóla Íslands. Neyðaráætlun og áætlun um rekstrarstöðvun liggja fyrir. Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili halda skrá yfir allan úrgang sem til fellur en því er ekki framfylgt nægjanlega, sjá athugasemd hér að neðan. Einnig skal skrá þjálfun og reynslu starfsfólks í vinnudagbók skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Vel er haldið utan um upplýsingar um þá sem koma að starfsemi með erfðabreyttar örverur af flokki II, en skráningu yfir þá sem koma að starfseminni á 5. hæðinni var ábótavant. Þeir eru mun fleiri og oft og tíðum námsmenn sem stunda rannsóknir í takmarkaðan tíma. Skv. starfsleyfishafa fá allir þá þjálfun og leiðsögn sem æskileg er vegna rannsóknavinnunnar, en eftirlitsmaður benti á að halda þyrfti ítarlegra bókhald um þessi atriði í vinnudagbók. Við þessari ábendingu var brugðist, sbr. Athugasemdir hér að neðan.

Á fundinum fékk eftirlitsmaður greinargóðar upplýsingar um öryggisráðstafanir rekstraraðila, en flest hafði þegar komið fram í skoðunarferðinni. Fulltrúi starfsleyfishafa, Sigríður Klara Böðvarsdóttir, situr í öryggisnefnd Háskóla Íslands, en reglur háskólans um öryggi á vinnustöðum og allar öryggisupplýsingar má nálgast á slóðinni [oryggi.hi.is](#).

ATHUGASEMDIR

Eftirlitsmaður gerði eina athugasemd við starfsemina, en hún varðaði skráningu úrgangs sem til fellur vegna rannsóknavinnunnar. Förgun úrgangs er í ferli innan Háskóla Íslands/Landspítala og má því ætla að til séu grófar upplýsingar um magn úrgangs o.þ.h. og einnig hægt að gera ráð fyrir að förgun sé skv. helstu öryggisstöðlum. Því var

ekki litið á tilvikið sem frávik, en Umhverfisstofnun mæltist til þess að rekstraraðili tæki upp ítarlegri skráningu á úrgangi, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Rekstraraðili brást skjótt og vel við þessari athugasemd og innleiddi nýja vinnuferla við skráningu úrgangs. Sérmerktum bókum var komið fyrir við vinnurými með erfðabreyttar örverur af flokki I og II og í þær skrá starfsmenn alla losun úrgangs. Í bókunum staðfesta ábyrgðarmenn og hópstjórar einnig þjálfun starfsmanna til að vinna með örverurnar, og var þannig einnig brugðist við ábendingu eftirlitsmanns um að skráning yfir þjálfun starfsfólks mætti vera ítarlegri.

ANNAÐ

Eftirlitið var það fyrsta eftir að starfsleyfi tók gildi árið 2014. Ekki eru fyrirséðar neinar breytingar á starfsemi rekstraraðila á næstu árum.

Reykjavík, 04.12.2015

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar umhverfisverndar og örvaris en sem ekki neta talist frávik

Hrönn G. Guðmundsdóttir